

Skólaráðsfundur fimmtudaginn 11. nóvember 2010

Jóhann, Jóhanna, Herborg, Sigríður, Andrea Lind, Baldur, Hafdís og Hrafnhildur sátu fundinn.

Jóhann byrjaði og sagði okkur að:

- nemendum í Holtaskóla hafi fækkað frá því í fyrra. Í ár eru 420 nemendur í skólanum og líkur á að þeim fækki frekar að ári. Þetta hefur áhrif á það fjármagn sem skólinn fær.
- skólinn er rekinn á sama hátt og áður sparað er á öllum sviðum eins og hægt er. Ekki hefur þurft að segja upp starfsfólki.
- keypt voru ný tæki fyrir tónmenntakennslu og voru þau fjármögnuð með sölu flygils sem til var í skólanum en lítið notaður.
- stofnað var "stuðteymi" sem er að fara yfir skipulag stuðnings- og sérkennslu í skólanum. Í teyminu eru Sigríður Bíldal, Unnur Kristjánsdóttir, Guðbjörg Ingimundardóttir, Guðbjörg Rut Þórisdóttir og Ása Margeirsdóttir.
- Komin er reglugerð vegna sérkennslu fyrir sveitafélögin.

Jóhanna kom með nokkrar fyrirspurnir:

- Er unglingastiginu skipt eftir getu? Svar: Nei.
- Er hægt að skrá veikindi kennara á Mentor? Svar. Við þurfum að kanna málið. Jóhann benti á að ef kennsla væri felld niður hjá nemendum væri hægt að senda tölvupóst til foreldra þeirra til að halda þeim upplýstum.
- Hvernig hefur kreppan áhrif á skólastarfið? Svar: Allt sem okkur ber að gera er gert. Ef eitthvað vantar eru fundnar leiðir eins og t.d. hefur foreldrafélagið aðstoðað við kaup á hlutum.
- Foreldrafélagið hefur velt því fyrir sér hvort það ætti að biðla til foreldra um bækur sem liggja ónotaðar heima til að færa bókasafninu. Svar: Skoða málið og athuga hvað bókasafnsvörðurinn segir.
- Hópamyndun í frímínútum eða eftir skóla - er verið að taka á því? Ekkert umfram það sem gert er alla daga. Þessi sérstaka hópamyndun sem um er rædd eru blandaðir hópar úr mörgum skólum og er hópur með aðilum frá ýmsum stofnunum að fylgjast með þeim.
- Brunaæfing - hvert er framhaldið? Þeir hafa ekki haft samband við okkur en Baldur sagði þetta vera til umræðu hjá fræðsluráði.

Jóhann fékk orðið aftur og hrósaði foreldrafélaginu fyrir vel unnin störf í haust.

- Skóladagatalið - Rætt var um hvort færa ætti litlu-jólin frá mánudeginum 20. desember til föstudagsins 17. desember. Þau yrðu þá haldin frá 17-19 eða álíka. Þessi tillaga var samþykkt hjá foreldrafélaginu en enn á eftir að athuga hvort að íþróttahúsið sé laus og börnin sjálf geti mætt. Ákvörðun verður tekin síðar.

fundu slitið

Hafdís Friðriksdóttir
fundarritari